

### 39. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarður 3.12. 2024, kl. 9:00

---

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættur undir lið 1.-6. Ingvar Rafn Stefánsson verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrtæki sveitarfélagsins. Mættur undir lið 5.-6., 16. Jónas Hafþór Jónsson byggingar og verkefnastjóri þjónustuhússins við Hengifoss Jónas kom til fundar kl. 10:20. Sveitarstjórn samþykkir að sameina lið 1. og 3. Einnig var samþykkt að bæta við lið nr. 16. Deiliskipulag íbúðabyggðar í Hamborg í Fljótsdal. Sveitarstjórn samþykkir að taka fyrir lið 16 í beinu framhaldi af lið nr. 6.

#### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun-síðari umræða
2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024
3. Mat á áhrifum byggðakjarna á fjárhag sveitarfélagsins
4. Gjaldskrár og samþykktir
5. Gatnagerðargjöld
6. Lokauppgjör þjónustuhúss við Hengifoss
7. Ráð og nefndir
8. Loftslagsstefna Fljótsdalshrepps
9. Rannsóknaráætlun jarðhita í Fljótsdal
10. Skólaskrifstofa Austurlands
11. Samningsdrög um hönnun gatna og veitna í Hamborg
12. Samfélagssjóður
13. Fundargerðir:
  - a. Íbúafundar 21.11.2024
  - b. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 954-958
  - c. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga 7.11.2024
  - d. Almannaþing 5.11.2024
  - e. Aðalfundar Heilbrigðiseftirlists Austurlands 6.11.2024
  - f. Skólaskrifstofu Austurlands 27.11.2024

14. Skýrsla sveitarstjóra

15. Önnur mál:

16. Deiliskipulag íbúðabyggðar í Hamborg í Fljótsdal

## 1. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun-síðari umræða

Ingvar Rafn fór yfir útkomuspá ársins 2024, fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun áráanna 2026-2028. Ingvar Rafn fór yfir breytingar á fjárhagsáætlunar frá fyrri umræðu og frá vinnufundum sveitarstjórnar 21. og 24. október sl. ásamt því að hún var kynnt á íbúafundi 21. Nóvember sl.

Áætluð afkoma skv. útkomuspá ársins 2024 er með afskriftum áætluð jákvæð (A og B hluti) 87,8 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 25,0 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 166,9 m.kr. vegna þjónustuhúss við Hengifoss. Eignasala er áætluð 100 m.kr. og söluhagnaður fastafjármuna er áætlaður 34,0 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2025 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 25,3 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 29,3 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 175 m.kr. vegna nýs byggðakjarna.

Áætluð afkoma ársins 2026 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 34,9 m.kr. Afskriftir áætlaðar 29,3 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 65 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2027 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 37,6 m.kr. Afskriftir áætlaðar 33,9 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 40 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2028 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 38,7 m.kr. Afskriftir áætlaðar 33,9 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 50 m.kr. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 356,3 m.kr.

Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 0% öll ár fjárhagsáætlunarinnar.

Til samræmis við 66. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samhliða umfjöllun og samþykkt fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlunar áráanna 2026-2028, eru lögð fram gögn um mat á áhrifum fjárfestingar sveitarfélagsins á byggðakjarna við á fjárhag sveitarfélagsins.

Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 við seinni umræðu, ásamt þriggja ára áætlun 2026 – 2028. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun fór fram 24. október sl.

Samþykkt samhljóða.

## 2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024

Sveitarstjórn leggur fram svohljóðandi viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2024:

Deild 0721 Brunavarnir (Aðalsjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hækkun gjalda samtals kr. 2.400.000.

Deild 1031 Samgöngumál (Aðalsjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hækkun gjalda samtals kr. 10.000.000.

Deild 1141 Hengifoss (Aðalsjóður): Tekjur hærrí en það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hækkun tekna samtals kr. 19.000.000.

Deild 1141 Hengifoss (Aðalsjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hækkun gjalda samtals kr. 5.000.000.

Deild 1365 Þjónustuhús við Hengifoss (Aðalsjóður): Tekjur lægri en það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun tekna samtals kr. 15.000.000.

Deild 1365 Þjónustuhús við Hengifoss (Aðalsjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals kr. 9.000.000.

Deild 3238 Fjárfestingar (Eignasjóður): Fjárfestingar umfram þess sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hækkun fjárfestinga samtals kr. 25.000.000.

Breyting viðauka í reikningshaldi sveitarfélagsins er hækkun annarra tekna að fjárhæð kr. 4.000.000, hækkun rekstrarkostnaðar að fjárhæð kr. 8.400.000. Jafnframt hækkun fjárfestinga samtals kr. 25.000.000. Nettó breyting viðaukans er lækkun á handbæru fé að fjárhæð kr. 29.400.000.

Samþykkt samhljóða.

## 3. Mat á áhrifum byggðakjarna á fjárhag sveitarfélagsins

Sjá afgreiðslu lið nr. 1

## 4. Gjaldskrár og samþykktir

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði 12,44%.

Sorggjald verði kr. 23.000 á heimili með þjónustu og kr. 16.500 á sumarhús og heimili án ábúðar, það er án þjónustu, en aðgangur að gámasvæði fyrir neðan Végarð. Rotþróargjald verði kr. 24.000 á hverja rotþró minni en 6,0 rúmmetra og kr. 33.000 á hverja rotþró yfir 6,0 rúmmetra.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verði 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65% C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2025.

Álagningar- og innheimtuleglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2025. Samþykkt að afsláttur (skv. reglunum) til örorku-og ellilífeyrisþega sem rétt eiga á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í verði kr. 84.000.

Samþykkt að tekjumörk einstaklinga verði kr. 4.800.000 og hjóna og samskattaðs sambýlissólk verði kr. 6.600.000. Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2025 og verði kr. 140.000,- per önn.

Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2025 og verði kr. 250.000.

Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára verði kr. 50.000 á árinu 2025.

Samþykkt er að sveitarfélagið greiði kostnað vegna flutnings á fé Fljótsdælinga úr aðliggjandi sveitum við fjallskil 2025 sem hér segir:

- a) Þegar dagsverk hefur verið lagt á vegna slíkra flutninga skal greiða kr. 250 pr. kílómetra til þess sem leggur til bifreið og tveggja hæða kerru. Greiðsluskylda sveitarfélagsins er háð því að fjallskilastjóri hafi samþykkt reikning vegna flutningsins.
- b) Þegar flutningur fer fram utan álagðra dagsverka skal greiða kr. 250 pr. kílómetra til þess sem leggur til bifreið og kerru og kr. 7.000 pr. klukkustund fyrir þann tíma sem fer í flutninginn. Greiðsluskylda sveitarfélagsins er háð því að fjallskilastjóri hafi samþykkt flutninginn fyrirfram og jafnframt reikning vegna hans.

Samþykkt að reglur um sauðfjárvótakaup verði 50% af kaupverði kvóta.

Samþykkt að styrkja á árinu 2025 sauðfjábændur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki allt að 80 lömb á hvert lögbýli ( lyf og vinna).

Samþykkt að verktakataxti fyrir grenjaleit verði kr. 7.000 á tímann.

Samþykkt að greiða kr. 21.000 pr. skott fyrir vetrarveiði á tófu.

Foreldragreiðsla og greiðsla vegna vistunar barns hjá dagforeldri er að hámarki kr. 40.000 á mánuði fyrir hvert barn á árinu 2025.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar.

Samþykkt að launakjör sveitastjórnar og nefnda taki breytingum sem nemur launavísitölu frá desember 2023 til desember 2024.

Samþykkt að reglur um umhverfisstyrki 2025 verði óbreyttar frá 2023.

Gjaldskrár samþykktar samhljóða af sveitarstjórn 3.12.2024

## 5. Gatnagerðargjöld

Tillaga kynnt.

## 6. Lokauppgjör þjónustuhúss við Hengifoss

Jónas Hafþór fór yfir kostnað vegna byggingu hússins. Kostnaður sveitarfélagsins var kr. 280 m.kr. Þar af voru lóðaframkvæmdir og bílastæði kr. 73 m.kr. Heildarkostnaður við húsið var um 10 mkr. innan við áætlun.

## 7. Ráð og nefndir

### 1. Jafnréttisnefnd

Sveitarstjórn samþykkir að skipa þrjá aðila þe : Helgi Gíslason, Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, Ella Sauren til setu í jafnréttisnefnd í samræmi við lög nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála.

### 2. Ungmennaráð

Sveitarstjórn samþykkir að skipa þrjá aðila þe: Sebastian Kjartansson, Harpa Líf Kjartansdóttir og María Mekkín Kjartansdóttir til setu í ungmennaráði í samræmi við æskulýðslög nr. 70/2007.

### 3. Öldungaráð

Sveitarstjórn samþykkir að skipa þrjá aðila þe : Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir til setu í öldungaráði í samræmi við II. kafla laga nr. 154/1999 um málefni aldraðra. Í skoðun er samstarf með Múlapingi.

### 4. Nefndir um málefni leikskóla og skóla

Sveitarstjórn samþykkir að hún fari sjálf með málefni leik-og grunnskóla í samræmi við 4. gr. Laga nr. 90/2008 um leikskóla og 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

## 8. Loftslagsstefna Fljótsdalshrepps

Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi loftslagsstefnu:

Samkvæmt 5. gr. c. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu sem skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Loftslagsstefna þessi er fyrir tímabilið 2025-2035 (hér eftir nefnd loftslagsstefnan).

### **Gildissvið og umfang:**

Loftslagsstefnan tekur til alls reksturs sveitarfélagsins. Með rekstri er átt við rekstur allra þeirra eininga sem falla undir sveitarfélagið s.s. skrifstofur, mannvirki og áningarstaðir. Loftslagsstefnunni er einnig ætlað að vera íbúum og fyrirtækjum í Fljótsdalshreppi hvatning til góðra verka í loftslagsmálum. Loftslagsbókhald mun innihalda tiltekna lykiltölur frá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

**Framtíðarsýn:**

Fljótshreppur skal vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga í lýðheilsu, **umhverfis- og loftslagsmálum** með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sveitarfélagið skal sýna góð fordæmi til að ná markmiðum Parísarsamningsins um að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5°C. Sveitarfélagið stefnir að því að binda **20%** meira CO<sub>2</sub> en sem svarar losun þess.

**Meginmarkmið – Draga úr losun & binda kolefni:**

Stefnt skal að því Fljótshreppur verði kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2035.

*A: Sveitarfélagið stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.*

A.1 Vegna úrgangs -

A.2 Vegna samgangna -

A.3 Vegna orku-

A.4 Vegna innkaupa -

A.5 Vegna landnotkunar

*B: Sveitarfélagið stefnir að því að greina hvort sóknarfæri séu fyrir landeigendur séu innan þess til að binda kolefni í samvinnu við Land og skóga, nýskógrækt, uppgræðslu, endurheimt birkiskóga og endurheimt votlendis.*

**Mælanlegur árangur:**

Mælanleg markmið og kolefnisbókhalda er lykillinn að árangri. Fljótshreppur mun skoða að setja upp loftslagsbókhalda 2026 og er viðmiðunarár sveitarfélagsins er 2025

Aðgerðaráætlunina má finna í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins.

**9. Rannsóknaráætlun jarðhita í Fljótshreppum**

Sveitarstjórn samþykkir að fram fari hitamælingar á borholum sem þegar hafa verið boraðar í sveitarfélaginu.

**10. Skólaskrifstofa Austurlands**

Sveitarstjórn Fljótshrepps samþykkir að slíta Skólaskrifstofu Austurlands og byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á Austurlandi á grundvelli tillögu stjórnar Skólaskrifstofu Austurlandi í fundargerð stjórnar frá 27.11. 2024. Jafnframt samþykkir Sveitarstjórn Fljótshrepps að yfirtaka eignir og skuldir í samræmi við tillögu stjórnar um skiptingu þeirra milli sveitarfélaganna. Einnig samþykkir Sveitarstjórn Fljótshrepps að yfirtaka skuldbindingu Skólaskrifstofu Austurlands við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í samræmi við hlutfallslega skiptinu eftir íbúafjölda milli sveitarfélaganna á Austurlandi í janúar 2024, hlutur Fljótshrepps verður 0,9% af heildarskuldbindingu skólaskrifstofunnar við lífeyrissjóðinn.

#### 11. Samningsdrög um hönnun gatna og veitna í Hamborg

Samningsdrög kynnt og samþykkt. Sveitarstjóra falið að undirrita samning.

#### 12. Samfélagssjóður

Staða sjóðsins rædd.

#### 13. Fundargerðir:

- a. **Íbúafundar 21.11.2024**  
kynnt
- b. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 954-958**  
kynnt
- c. **Stjórn samtaka orkusveitarfélaga 7.11.2024**  
kynnt
- d. **Almannavarna 5.11.2024**  
kynnt
- e. **Aðalfundar Heilbrigðiseftirlists Austurlands 6.11.2024**  
kynnt
- f. **Skólaskrifstofu Austurlands 27.11.2024**  
kynnt

#### 14. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

Kjartan vék af fundi kl: 12:48

#### 15. Önnur mál:

Umsókn um breytingu á Umhverfisstyrk fyrir árið 2022 vegna breyttra forsendna á Þuríðarstöðum.

Breyting samþykkt.

Kjartan kom til fundar kl: 12:52

Samningur um brunakerfi frá Öryggismiðstöðinni vegna þjónustuhúsins við Hengifoss. Samningur samþykktur nema 9. gr. Óskað er eftir að reka fyrir Héraðsdóm Austurlands í stað Héraðsdóm Reykjavíkur.

Anna Jóna sagði Landbótasjóðinn vera tómann og óskar eftir framlagi frá sveitarfélaginu.

## 16. Deiliskipulag íbúðabyggðar í Hamborg í Fljótsdal

Skipulagshönnuður hefur lagt fram eftirfarandi skjal um breytingar á deiliskipulagi í landi Hamborgar í kjölfar bréfs frá Skipulagsstofnun dagsett 10. október 2024. Einnig hefur hann gert viðeigandi breytingar á uppdrætti og greinargerð sem er dagsett 2.12 2024 og merkt sem útgáfa 000.

Lóðir nr. 9, 11, 13, 15, 17, 19 og F1 og F2 uppfylla ekki ákvæði gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar um fjarlægð mannvirkja frá vatni.

*Til að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar hefur verið gerð breyting á byggingareitum á lóðum 17, F1 og F2. Byggingar verða þá örugglega 50 m. eða meira frá vatnsfalli en ekki þarf að breyta lóðum.*

*Lína sem sýnir fjarlægð frá vatni hefur verið sett inn á skipulaguppdrátt.*

Lóðir nr. 1, 3 og 5 uppfylla ekki ákvæði d) liðar gr. 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar um fjarlægð mannvirkja frá vegi.

*Lóð 1 hefur verið breytt í þjónustulóð og á lóðum 3 og 5 hefur byggingareitum verið breytt svo að öll íbúðarhús verði meira en 100 m. frá þjóðvegi. Eins hafa lóðir H 1 og H 2 verið færðar þannig að þær meira en 50 m. frá þjóðvegi.*

*Línur sem sýna fjarlægð (50 og 100 m.) frá þjóðvegi hafa verið settar inn á skipulaguppdrátt.*

Ekki hefur verið brugðist með fullnægjandi hætti við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits vegna neysluvatns (vatnsból fyrir íbúðarsvæðið).

*Það hefur verið borað eftir neysluvatni og nærsvæði og lagnaleið verið skilgreint á skipulaguppdrætti. HAUST hefur yfirfarið breytta tillögu og gert mælingu á vatninu og í kjölfarið gert nýja umsögn þar sem segir í niðurlagi:*

*„Af hálfu Heilbrigðisnefndar Austurlands eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna eins og hún er framsett en vakin er athygli á því að flokka skal skilgreint vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi í samræmi við 13.gr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.“*

Athugasemdir vegna Minjastofnunar Íslands.

*Í athugasemdum Skipulagsstofnunar kom fram að stofnunin teldi að ekki hefði verið brugðist með fullnægjandi hætti við umsögn Minjastofnunar Íslands.*

*Byggingar- og skipulagsnefnd fjallaði um mál um málefnið á fundi þann 16. október 2024 þar sem bókað var:*

*„Byggingar- og skipulagsnefnd telur að í ljósi niðurstöðu fornleifaskráningar og umsagnar Minjastofnunar er rétt að ákvörðun um framhald fornleifarannsóknna verði gerð með*



*hliðsjón af því sem kemur í ljós þegar grafinn verður könnunarskurður á bæjarstæði Hamborgar 3157-1.“*

*Á fundi sveitarstjórnar þann 24. október 2024 var framangreind afgreiðsla byggingar- og skipulagsnefndar tekin til umfjöllunar og samþykkt. Vísað er til bókunar sveitarstjórnar um málið á fyrrgreindum fundi.*

*Húsnúmer hafa þegar verið sett en götuheiti þarf að koma.*

*Mögulega verður efnt til samkeppni um nafn en vinnuheitið er Hamborg 1-26.*

*Ákvæði um húsdýrahald (hross og hesthús).*

*Texta var bætt inn í greinargerð, lið 3.7, um að sveitarfélagið geri samþykkt um húsdýrahald á skipulagssvæðinu.*

*Athugasemdir vegna Kröflulínu 1.*

*Kröflulína 1 hefur verið lögð niður og engin loftlína liggur nú um svæðið.*

*Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir breytta úrgáfu af deiliskipulagi í landi Hamborgar sem er dagsett 2.12 2024 og merkt sem útgáfa 000.*

*Jónas Hafþór vék af fundi kl. 11:40*

Fundi sliðið kl 13:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Halla Auðunardóttir

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Kjartan Benediktsson

---

Lárus Heiðarsson oddviti

